



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 133/497
komudagur 4.12.2006

Reykjavík 4. desember 2006

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga
um breytingu á lögum um Landsvirkjun, 364. mál; og
um breytingu á lögum á orkusviði, 365. mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun, 364. mál; og um breytingu á lögum á orkusviði, 365. mál.


Frumvörpin kveða m.a. á um breytingar á lögum til að tryggja óbreytt rekstrarform Landsvirkjunar þrátt fyrir kaup ríkisins á eignarhluta Reykjavíkur og Akureyrar í því. Einnig kveða þau á um að ábyrgð á eignarhlutum ríkisins í Landsvirkjun, Hitaveitu Suðurnesja hf., Orkubúi Vestfjarða hf. og Rarik hf. færist frá iðnaðarráðherra til fjármálaráðherra. Þá er fjármálaráðherra gert að leggja allan eignarhlut ríkisins í Rarik hf. og Orkubúi Vestfjarða hf. inn í Landsvirkjun.

Í álitum ASÍ í hinni svokölluðu *Nítján manna nefnd*, sem iðnaðarráðherra skipaði í júní 2003 til að móta tillögur um fyrirkomulag við flutning og dreifingu raforku, kemur skýrt fram sú grundvallarafstaða sambandsins að „vatns- og gufuorka sem nýtist til raforkuframleiðslu sé auðlind sem allir landsmenn eigi rétt á að njóta sameiginlega og með sem jöfnustum hætti.“ Þetta þýðir að líta ber á uppbyggingu raforkukerfisins sem verkefni samfélagsins í heild. **Í þessu ljósi hefði ASÍ viljað að ákvæði í frumvörpunum um eignarhald væru skýrari.**

Í samningnum um kaup ríkisins á eignarhlutum í Landsvirkjun er gert ráð fyrir að unnt sé að einkavæða fyrirtækið. Slíkt gæti reynst afdrifaríkt, ekki síst ef búið væri að gera Orkubúi Vestfjarða og Rarik að dótturfyrirtækjum þess. Hætt er við að arðsemiskrafa einkafyrirtækis með slíka yfirburðastöðu á orkumarkaðnum leiddi til alvarlegrar röskunar á skilyrðum til atvinnusköpunar og búsetu í landinu.

Þrátt fyrir að það sé byggt inn í frumvörpin að ekki sé unnt að einkavæða Landsvirkjun nema með lagabreytingu (sbr. b-lið 1. gr. í frumvarpi um Landsvirkjun) hefði verið æskilegt að kveða á um það með beinum og skýrum hætti að slíkt væri óheimilt.

F. h. Alþýðusambands Íslands,


Stefán Úlfarsson
Hagdeild ASÍ